

future404 ehf., kt. 4307170300 (hér eftir “fyrirtækið” eða “við”) tryggir áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan fyrirtækisins. Persónuverndarstefna okkar nær til persónuupplýsinga er varða einstaklinga sem eru í viðskiptum við okkur, einstaklinga sem hafa samband við okkur sem og þá aðila sem gætu átt samskipti við okkur fyrir hönd viðskiptavina eða annarra einstaklinga.

Með persónuverndarstefnu okkar viljum við upplýsa þig um hvaða persónuupplýsingum við söfnum, með hvaða hætti við nýtum þær persónuupplýsingar og hverjir hafa aðgang að persónugreinanlegum gögnum.

Ef þú ert í vafa hvort eða hvernig þessi stefna varðar þig hafðu þá endilega samband við okkur til að fá frekari upplýsingar.

1. Tilgangur og lagaskylda

future404 háttar vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við ESB-reglugerð (ESB) nr. 2016/679 um persónuvernd og gagnaöryggi og lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (hér vísða til saman sem „persónuverndarlög“)

2. Hvað eru persónuupplýsingar?

Persónuupplýsingar skv. þessari persónuverndarstefnu eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem unnt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

3. Persónuupplýsingar sem future404 vinnur með

Til að geta sinnt starfsemi okkar gætum við þurft að safna og varðveita ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptavinum okkar eða tengiliði þeirra.

future404 kemur fram sem ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fyrirtækið hefur undir höndum vegna samskipta við viðskiptavinum sína í tengslum við fyrirbyggjandi eða fyrirhuguð viðskipti. Í þeim tilvikum notast future404 einkum við tengiliðaupplýsingar sem viðskiptavinurinn hefur sjálfur látið í té eða sem eru gerðar opinberar með öðrum hætti, t.d. á vefsíðum viðskiptavina eða í símaskrá, einkum nafn, símanúmer og netfang. Slík vinnsla fer einkum fram í þeim tilgangi að sannreyna

viðskipti sem viðskiptavinur óskar eftir, halda utan um og tryggja örugg samskipti viðskiptavinar við future404, koma á framfæri skilaboðum til viðskiptavinar tengdri þjónustu okkar og eftir atvikum til að gjaldfæra fyrir þjónustu. Vinnslan byggir þannig á samningi future404 við viðskiptavin, eða beiðni þess síðarnefnda um að gera samning.

Til viðbótar við þessar upplýsingar gæti future404 þurft að safna og vinna aðrar upplýsingar sem viðskiptavinir eða tengiliðir þeirra láta okkur sjálfir í té og upplýsingar sem future404 vinnu vegna starfsemi þess, sem er meðal annars persónuverndarráðgjöf. Upplýsingarnar eru fyrst og fremst unnar til að geta efnt þjónustusamninga við viðskiptavini og til að sinna öðrum skyldum sem gætu leidd af þjónustu við viðskiptavini okkar.

Þær persónuupplýsingar sem fyrirtækið vinnur með eru fengnar frá viðskiptavinum okkar eða tengiliðum þeirra. Ef þörf er á að fá upplýsingar frá þriðja aðila er það gert í samráði við viðskiptavin eða tengilið hans. Sé persónuupplýsinga aflað frá þriðja aðila í öðrum tilvikum munum við upplýsa um slíkt.

Þegar future404 meðhöndlar persónuupplýsingar er einungis unnið með þær á meðan það telst nauðsynlegt og málefnalegt til að ná því markmiði sem að er stefnt með vinnslunni hverju sinni eða ef lögmætir hagsmunir future404 krefjast þess, t.d. til að setja fram eða verja kröfu. Að öllu jöfnu eru upplýsingar varðveittar meðan á samningssambandi stendur en afmarkaðar lágmarksupplýsingar um viðskiptasögu viðskiptavina eru varðveittar ótímabundið í þágu lögmætra hagsmuna. Þá geta sérstök tímamörk verið tilgreind í lögum fyrir varðveislu gagna sem okkur ber að fylgja, t.d. varðandi varðveislu upplýsinga sem teljast til bókhaldsgagna í sjö ár.

4. Miðlun til þriðja aðila

future404 miðlar almennt ekki persónuupplýsingum um þig til þriðja aðila. Í einhverjum tilvikum gæti þó verið nauðsynlegt fyrir okkur að miðla upplýsingum til þriðja aðila, svo sem til að innheimta reikninga eða kröfur sem gætu myndast.

Persónuupplýsingar þínar kunna jafnframt að vera afhentar þriðja aðila að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna, s.s. til stjórnvalda eða dómstóla.

Einnig gæti persónuupplýsingum verið miðlað til þriðju aðila sem veita okkur upplýsingatækniþjónustu og aðra þjónustu sem tengist vinnslu og er hluti af rekstri félagsins.

Þessir aðilar kunna að vera staðsettir utan Íslands. future404 mun þó ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar, s.s. á grundvelli staðlaðra samningsskilmála, samþykki þíns eða auglýsingar Persónuverndar um ríki sem veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd.

5. Hvernig er öryggis persónuupplýsinga tryggt?

future404 notar viðeigandi tæknilegar og skipulegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar með sérstöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra.

6. Réttindi þín varðandi persónuupplýsingar sem við vinnum

Það er mikilvægt að þær persónuupplýsingar sem future404 vinnu með séu bæði réttar og viðeigandi. Því er mikilvægt að tilkynna um allar breytingar sem gætu orðið á persónuupplýsingum þínum.

Þú átt rétt á því að fá óáreiðanlegum persónuupplýsingum um þig leiðréttar. Auk þess, með tilliti til tilgangs vinnslunnar, átt þú rétt á því að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar um þig og einnig að leggja fram frekari upplýsingar óskir þú eftir því. Þú átt rétt á að fá staðfest hvort við vinnum persónuupplýsingar um þig eða ekki, og ef svo er getur þó óskað eftir aðgangi að persónuupplýsingum um þig og hvernig vinnslunni er háttað. Þá gæti einnig verið að þú eigir rétt á því að fá afrit af upplýsingunum. Við tilteknað aðstæður getur þú farið fram á það við félagið að við sendum persónuupplýsingar, sem þú hefur sjálf/t/ur látið okkur í té eða stafa frá þér, beint til þriðja aðila.

Í sumum tilvikum getur þó óskað eftir því að persónuupplýsingum um þig verði eytt án tafar, til að mynda ef varðveisla þeirra er ekki lengur nauðsynleg miðað við upphaflegan tilgang vinnslunnar eða vegna þess að þú hefur afturkallað samþykki þitt fyrir vinnslunni og engin önnur heimild liggur til grundvallar hennar. Sé vinnslan byggð á samþykki hefur þú heimild hvenær sem er til að afturkalla það samþykki.

Ef þú vilt að persónuupplýsingum um þig verði ekki eytt hjá okkur, t.d. vegna þess að þú þarft á þeim að halda til að verjast kröfur, en vilt samt að þær séu ekki unnar frekar af okkar hálfu, getur þú óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð.

Þú hefur einnig rétt til að mótmæla vinnslu persónuupplýsinga um þig ef hún er byggð á lögmætum hagsmunum future404.

Réttindi sem hér hafa verið upptalin eru ekki fortakslaus. Þannig gætu lög sett þá skyldu á future404 að hafna ósk um eyðingu eða aðgang að gögnum. Þá gætu önnur réttindi komið í veg fyrir nýtingu upptalinna réttinda svo sem á grundvelli hugverkaréttar eða réttindum annarra, s.s. friðhelgi einkalífs, ef þau veða þyngra.

Við þær aðstæður þar sem future404 getur ekki orðið við beiðni þinni munum við leitast við að útsýra hvers vegna beiðninni hefur verið hafnað.

7. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í 6. gr. í þessari persónuverndarstefn, eða ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa eða það hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband við future404 (hallo@future404.is)

Ef að þú ert ósátt/ur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

8. Samskiptaupplýsingar

Við höfum tilnefnt umsjónarkonu, til að hafa eftirlit með fylgni við þessa persónuverndarstefnu. Hér fyrir neðan má finna samskiptaupplýsingar hennar:

Olga Margrét Cilia

olga@future404.is

8690326

Samskiptaupplýsingar um félagið:

future404 ehf.

hallo@future404.is

kt. 4307170300

9. Endurskoðun

Þessi persónuverndarstefna gæti tekið breytingum í samræmi við breytingar á persónuverndarlögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á heimasíðu [future404](#).

Þessi persónuverndarstefna var sett þann 1. október 2018.